

## KÖNNUN Á ÁFORMUM MARKAÐSAÐILA VARÐANDI UPPBYGGINGU FJARSKIPTAINNVIÐA

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Skaftárhreppi, sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja, sem staðsett eru í Skaftárhreppi, til boða að tengjast ljósleiðaranum. Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

### Auglýst er eftir:

**A.** Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Skaftárhreppi á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.

**B.** Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A. hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu m.a. uppfylla kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa o.fl.

**C.** Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í Skaftárhreppi sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B á jafnræðisgrundvelli og bjóðist einnig ef enginn svarar lið A og/eða B hér að ofan.

**D.** Upplýsingum um tengistaði (heimili og fyrirtæki) þar sem fjarskiptafélag býður í dag a.m.k. 100Mb/s opið aðgangskerfi innan sveitarfélagsins Skaftárhrepps.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til Skaftárhrepps á netfangið [sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is) fyrir kl. 12:00 þann 17. október 2016. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið: [sveitarstjori@klaustur.is](mailto:sveitarstjori@klaustur.is)

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Skaftárhrepp né þá sem sýna verkefninu áhuga.